

FORSETA BRÉF

um heiðurspening til minningar um herra Svein Björnsson, forseta.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Forsætisráðherra hefur tjáð mér, að ríkisstjórninni þyki hlýða, að gerður verði heiðurspeningur í minningu fyrsta forseta Íslands, herra Sveins Björnssonar, er sæma megí nokkra þá menn, er unnu með honum og fyrir hann.

Ég fellst á, að efnt verði til slíks heiðurspenings, og skulu um hann gilda eftirfarandi reglur:

1. gr.

Peningurinn nefnist: *Heiðurspeningur til minningar um herra Svein Björnsson, forseta.* Skal peningurinn gerður úr silfri og sé á framhlið hans mótuð mynd hebra Sveins Björnssonar, en umhverfis hana letrað: Sveinn Björnsson, forseti Íslands. Á bakhlið peningsins sé skjaldarmerki ríkisins. Peningurinn sé 3 cm í þvermál og 2 mm á þykkt. *Heiðurspeninginn skal bera á brjóstinu vinstra megin í sams konar bandi og riddarakross fálaorðunnar.*

2. gr.

Veiting heiðurspeningsins skal fram fara í eitt skipti, — 27. febrúar 1953.

3. gr.

Heiðurspeningnum má sæma þá menn íslenzka, er unnið hafa með og fyrir herra Svein Björnsson.

4. gr.

Forseti Íslands veitir heiðurspeninginn og er hann eign þess, er hlýtur hann.

5. gr.

Forseti Íslands skipar þriggja manna nefnd, er gerir tillögur um veiting peningsins. Skulu þessir eiga sæti í nefndinni: Formaður orðunefndar hinnar íslenzku fálaorðu, formaður, skrifstofustjórinn í forsætisráðuneytinu og ritari forseta Íslands.

6. gr.

Heiðurspeningnum skal fylgja skjal, undirritað af forseta Íslands og nefndarmönnum.

7. gr.

Birta skal í Lögbirtingablaði og Stjórnartíðindum hverjir heiðurspeninginn hljóta.

8. gr.

Kostnaður við heiðurspeninginn greiðist úr ríkissjóði.

Gjört að Bessastöðum, 26. febrúar 1953.

Ásgeir Ásgeirsson.

(L. S.)

Steingrímur Steinþórsson.